



Bæjarráð Hafnarfjarðar
Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður

Hafnarfjörður, 27. maí 2013

Erindi: Öryggi barna í frístundaakstri Strætó bs.

Síðastliðið sumar sendi Foreldraráð Hafnarfjarðar frá sér erindi til bæjarráðs þar sem Foreldraráð lýsti vonbrigðum sínum yfir því að Hafnarfjarðarbær skuli ekki styðja áfram við samfélagsverkefnið Frístundabíllinn. Foreldraráð hefur áhyggjur af, hvaða afleiðingar það hafi á fjölskyldur í Hafnarfirði, jafnræði barna til að stunda íþróttir og tómstundir, velferð og almennt öryggi barna að almenningsvagnar eru ekki sami áhyggjulausi ferðamátinn fyrir börn og unglinga í Hafnarfirði, eins og Frístundabíllinn var.


Nú í vetur hafa almenningsvagnar boðið upp á frístundaakstur fyrir börn í Hafnarfirði og óskar Foreldraráð Hafnarfjarðar eftir upplýsingum um hvernig frístundaaksturinn hefur gengið.

- Foreldraráð óskar eftir að sjá tölur um fjölda farþega í Hafnarfirði sem nota strætó, skipt eftir aldri þ.e. börn, ungmenni og fullorðnir sem og tölur um kaup á kortum.
- Hefur orðið fjölgun á notendum strætó í aldurshópnum börn annars vegar og ungmenni hins vegar?
- Eru börn sem áður voru í Frístundabílnum farin að taka strætó?
- Hefur Strætó bs. eða Hafnarfjarðarbær hug á að senda skoðanakönnun til foreldra barna í grunnskólum bæjarins, til að kanna viðhorf þeirra til frístundaaksturs og kalla eftir upplýsingum um hvernig frístundaaksturinn gangi í augum foreldra og barna þeirra?

Foreldraráði hafa borist tilkynningar um að börn virðast hrædd við starfsmenn strætó og leita frekar til unglinga sem eru í vagninum eftir leiðbeiningum heldur en starfsmanna. Í ljósi þessa óskar Foreldraráð eftir nánari upplýsingum um:

- Hvaða aldur er á starfsmönnum?
- Hvaða þjálfun hljóta þeir?
- Hvernig er starfsmaður kynntur fyrir foreldrum og börnum?
- Hvaða ferli fer í gang þegar kvörtun berst frá notendum þjónustunnar?


Samkvæmt viðtali við Reyni Jónsson framkvæmdastjóra Strætó bs. í Fréttablaðinu 12. mars 2013 hefur ofbeldi gagnvart vagnstjórum og farþegum aukist. Oftast eru þetta drukknir einstaklingar eða fólk í annarlegu ástandi segir Reynir. Foreldraráð hefur áhyggjur af því að öryggi barna og unglinga í

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	28.5.2013
Málsnr:	130.5346
Bréfal:	720

strætisvögnum sé ógnað þar sem auðvelt getur verið að nálgast og ógna börnum og unglungum í vögnunum. Hvaða ferlar eru viðhafðir til að tryggja öryggi farþega m.a. barna og ungmenna þegar slík mál koma upp?

Í ljósi umræðna á íbúabíngi um leiðarkerfi Strætó í Hafnarfirði þann 13. maí síðastliðinn lýsir Foreldraráð áhyggjum sínum ef fækka á leiðum í bænum. Fækkun leiða takmarkar akstursþjónustu við börn og ungmenni, jafnræði þeirra til að stunda íþróttir og tómstundir sem og almennt öryggi þeirra. Gott leiðarkerfi eykur gott aðgengi barna og ungmenna að íþrótta- og tómstundastarfi í bænum. Foreldraráð hvetur bæjarráð til að tryggja að börnum og unglungum í Hafnarfirði verði gefinn kostur á að sækja íþróttir og tómstundir á öruggan hátt.

f.h. Foreldraráðs Hafnarfjarðar



Jóhanna Sveinbjörg B. Traustadóttir